

# Formannafundur faghópa Rammaáætlunar

## 1. fundur, föstudaginn 14. nóvember, kl. 13:00 í Orkugarði, Reykjavík

**Mætt:** Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Guðni A. Jóhannesson, Kjartan Ólafsson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (Iðnaðarráðuneytinu), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (Umhverfissráðuneytinu) og Tómas Þór Tómasson, starfsmaður Verkefnisstjórnar, sem skrifaði fundargerð.

### Fundarfrásögn

#### Mönnun faghópa:

Faghópur I: Þóra Ellen Þórhallsdóttir (formaður), Freysteinn Sigmundsson, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Sólborg Una Pálsdóttir, Freysteinn Sigurðsson.

Faghópur II: Anna Gunnhildur Sverrisdóttir (formaður), Andrés Arnalds, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Brynhildur Davíðsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Haraldsson.

Faghópur III: Kjartan Ólafsson (formaður), Daði Már Kristófersson, Guðmundur Guðmundsson, Hjalti Jóhannesson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir.

Faghópur IV: Guðni A. Jóhannesson (formaður), Agnar Olsen, Edda Rós Karlsdóttir, Guðmundur Þóroddsson, Jakob Sigurður Friðriksson, Ómar Örn Ingólfsson.

#### Vinna faghópa:

- Tími: Verkefnisstjórn mun skila afsér undir lok næsta árs, 2009. Hvað faghópa varðar skal stefnt að því að þeir ljúki grunnvinnu 1. Júlí en misjafnt er á milli hópa hversu mikinn tíma þeir þurfa. Um mitt sumar ættu því grófar útlínur niðurstaðna að liggja fyrir en lausir endar verði hnýttir eftir snemma um haustið.
- Fundarstaðir: Faghópur I = Umhverfissráðuneyti. Faghópur II = Iðnaðarráðuneyti. Faghópur III = RHA/Akureyri. Faghópur IV = Orkustofnun. Lögð er áhersla á að faghóparnir finni sér fasta fundartíma.
- Starfsmaður. Tómas Þór verður starfsmaður allra faghópa.
- Samráð faghópa. Stefnt er að því að formenn faghópa hittist reglulega ásamt formanni og beri saman bækur sínar. Hóparnir vinna saman að öflun gagna, ráðgist um vinnuna og skiptist á upplýsingum og skoðunum.
- Þátttaka verkefnisstjórnar. Nokkrir aðilar úr verkefnisstjórn hafa sýnt áhuga á að fylgjast vel með starfi faghópanna en fulltrúar verkefnisstjórnar geta sótt fundi faghópanna eftir óskum í samráði við formenn. Freysteinn Sigurðsson er til kallaður vegna faghóps I en óvíst er um þátttöku hans. Kristín Huld vill vera með í vinnu faghóps I. Unnur Brá og

Þorsteinn hafa áhuga að fylgjast með faghópi II. Svanfríður og Elin Líndal vilja fylgjast með faghópi III.

- f) Greiðsla fyrir vinnu. Formenn faghópa fá fasta greiðslu, 50.000 kr., á mánuði. Þessi upphæð verður endurskoðuð að 6 mánuðum liðnum. Formenn skulu halda vinnutímum saman og uppgjör fer fram við lok vinnunnar  
Aðrir meðlimir faghópa: Iðnaðarráðuneytið hefur fengið staðfest frá Þóknunarnefnd að allir meðlimir faghópa fái greitt fyrir fundarsetu. Ef meðlimir taka að sér aðra vinnu fyrir faghópinn utan fundanna verður greitt fyrir slíka vinnu. Í slíkum tilfellum skal setja upp beiðni um auka-vinnu sem hljóta verður samþykki (formanns?). Starfsmaður skal halda saman tímum.
- g) 4. Erindisbréf þátttakenda í faghópum. Talið „Sanngjarnt“ að útbúa slíkt bréf. Hópstjórar skyldu forma slíkt bréf en iðnaðarráðuneytið mun leggja til fyrirmynd sem hægt er að byggja á. Helga mun senda slíkt sýnishorn til starfsmanns sem senda mun á fram á formenn faghópa

**Umhverfismat áætlana:** Formaður taldi að Rammaáætlun þyrfti að fylgja Lögum um umhverfismat áætlana. Það ferli gæti orðið meðfram lokavinnunni haustið 2009 eða í framhaldvinnunni eftir að verkefnisstjórn skilaði af sér. Fram kom það álit fulltrúa ráðuneytanna að starf Rammaáætlunar ætti að fylgja lögnum.

**Erindisbréf.** Formaður rakti áherslur sem fram koma í erindisbréfi verkefnisstjórnar og snerta starf faghópa. Rætt var m.a. um skilgreiningar og umfjöllunarsvið hópanna. Erindisbréfið segir m.a. að verkefnið skuli líta til „náttúrusvæða“ en skilgreining þess hugtaks er óljós. Hins vegar virðist þannig liggja fyrir, hvað vatnsaflskosti áhrærir, að horfa skuli á stærra landsvæði en eingöngu þröngs áhrifasvæðis vikjunnar framkvæmda. Á sama hátt á að horfa á háhitasvæði sem hluta af „landlagsheild“. Í öllum tilfellum skal horfa til svæðaheilda og umhverfis sem hugsanlegt verndarsvæði.

#### **Umfjöllunarefni og aðferðafræði:**

- Formenn faghópa I og II veltu fyrir sér hvort þeir ættu t.d. að taka fyrir línustæði rafmagnsflutningskerfis og vegagerð.
- Á að horfa til útblásturkvóta?
- Í 1. áfanga horfði faghópur I til vatnasviða í vatnsaflsvirkjunum ofan lóns en ekki neðan.
- Tilmæli komu fram að faghópur IV myndi reikna arðsemi virkjana bæði út frá rafmagntaxta til heimila (eins og gert var í 1. áfanga) og einnig áætlaðs stóriðjutaxta. Rétt væri að þessi tvö viðmið yrðu tiltæk.

**Framsetning niðurstaðna:** Sjónarmið um framsetningu niðurstaðna Rammaáætlunar hallast æ meir að norska módelinu, m.a. ráðuneytunum. Flokkarnir yrðu þá þrír. Í flokki A yrðu svæði sem eru þekkt og hafa verið rannsökuð og merkt „má virkja“. Í flokki C yrðu svæði sem víðtæk sátt væri um að vernda, þar á meðal verða líklega svæði sem talin eru upp í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Á milli þessara flokka yrði síðan milliflokkur, B, þar sem yrðu svæði þar sem rannsóknir, þekkingu og upplýsingar skortir og þau geta fallið beggja megin hryggjar í framtíðinni. Umhverfisráðherra mun tryggja C-flokk, iðnaðarráðherra A-flokk og síðan þarf að finna rökréttan bás fyrir milliflokkinn, B.

**Önnur mál:** Rætt var um hvaða áhrif efnahagsástandið hafi á starf Rammaáætlunar og almennt töldu fundarmenn að pressa sem komið hefði fram fyrst eftir fall bankanna hefði rénað og verkefnið myndi halda áfram eins og stefnt hefði verið að.

Bent var á aukinn þunga þess sjónarmiðs að orkuframleiðsla verði notuð „í héraði“ og hvergi annars staðar, þ.e., orkan yrði ekki flutt yfir á önnur landsvæði. Einnig verða spurningar um hvernig orkan eigi að nýtast („Hvað á að framleiða?“) æ ágengari. Minnst var á að flestar stærri virkjanir eru á þjóðlendum en skipulagsvaldið liggur hjá sveitarstjórnnum.

**Dagskráin framundan:** Stefnt að öðrum fundi formanna í desember.